

**Hitaveita Sauðárkróks. Efnaeftirlit með  
hitaveituvatni 1987**

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-88-11**

---

**HITAVEITA SAUÐÁRKRÓKS**  
**Efnaeftirlit með hitaveituvatni 1987**

Þann 15. október 1987 voru tekin sýni til efnagreininga úr borholum 9, 12 og 13, sem liður í árlegu hitaveitueftirliti fyrir hitaveitu Sauðárkróks. Sýni af vinnsluvatni var tekið úr dælustöð sama daginn og holusýnin.

Niðurstöður greininganna eru í meðfylgjandi töflu og eru teknar með til samanburðar greiningar á sýnum frá haustinu 1986 teknum á sömu stöðum.

Eins og fram kemur í töflunni er efnasamsetning sýnanna mjög ámóta í bæði skiptin. Styrkur klóríðs er ívið lægri en var 1986, en nánast sá sami og var 1985 og þessar sveiflur benda heldur ekki til neinna breytinga á jarðhitakerfinu. Styrkur súrefnis og brennisteinsvetnis er nokkuð breytilegur, en svo lengi sem brennisteinsvetnisstyrkur nægir til að eyða súrefninu er ekki hætt á málmtæringu. Efnasamsetning vatnsins bendir sem sagt ekki til neinna yfirvofandi breytinga á jarðhitakerfinu.

Eins og fram hefur komið er vatnið að flestu leyti ágætt til neyslu. Styrkur brennisteinsvetnis er of hár til að uppfylla kröfur um drykkjarvatn, en til hitaveitunota er það ákjósanlegt hvað efnasamsetningu varðar.

Efnasamsetning vatns. Styrkur í mg/kg.

Staður	Dælustöð		Hóla 9		Hóla 12		Hóla 13	
Dagsetning	861016	871015	861016	871015	861016	871015	861016	871015
Hiti °C	69,8	70,6	66,5	69,3	71,4	69,1	69,2	70,2
pH/°C	9,99/18	10,0/18	9,95/18	9,98/18	9,98/18	9,98/18	10,0/18	10,0/18
SiO <sub>2</sub>	71,4	70,6	76,1	74,9	70,8	70,4	71,0	70,2
Na	55,8	55,4	59,3	60,2	56,8	57,5	53,7	55,7
K	0,9	0,9	0,9	1,0	0,8	0,9	0,9	0,8
Ca	3,2	3,2	3,4	3,3	3,4	3,5	3,2	3,2
Mg	0,02	0,002	0,01	0,005	0,02	<0,001	0,007	<0,001
Heildarkarbónat sem CO <sub>2</sub>	6,8	16,1	14,8	11,7	9,7	9,6	14,4	13,9
SO <sub>4</sub>	41,5	41,7	46,8	47,3	44,7	46,1	38,5	39,2
H <sub>2</sub> S	0,29	0,39	0,32	0,38	0,21	0,28	0,30	0,39
Cl	23,1	20,7	26,4	23,6	26,8	23,3	22,0	19,5
F	1,5	1,5	1,4	1,4	1,5	1,5	1,5	1,5
Uppleyst efni	228	229	241	247	238	236	223	227
O <sub>2</sub>	0,02	0,02	0,01	-	0,02	0,01	0,01	0,02
Fe	<0,025	0,0	<0,025	0,0	<0,025	0,0	<0,025	0,0
Mn				0,0		0,0		0,0
δ <sup>18</sup> O				÷13,55		÷13,47		÷13,26

- ekki mælt